

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 29.03.2022
Tilv. 2022/0093 - 0.3.01
ÞAÁ

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur) - 450. mál

Vísað er til tölvubréfs, dags. 23. mars 2022, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur) 450. mál.

Neytendastofa hefur nú þegar komið að mikilvægum athugasemdum við drögin í samráðsgátt sem tekið var tillit til í öllum tilvikum nema ekki virðist hafa verið tekið tillit til athugasemda Neytendastofu varðandi kostnað af eftirliti. Neytendastofa óskar því eftir að koma að eftirfarandi umsögn um frumvarpið.

Líkt og fram hefur komið telur Neytendastofa að eftirlit með auglýsingaákvæði frumvarpsins (1. mgr. 11. gr.) falli vel að öðru eftirliti stofnunarinnar og að til lengri tíma litið muni það ekki fela í sér mikinn auka kostnað. Stofnunin telur aftur á móti mikilvægt að þar sem um nýjar reglur er að ræða sem söluaðilar á nikótínvörum hafa hingað til ekki þurft að fara eftir sé þörf á að leggja til fjármagn til að kynna ítarlega ákvæði laganna og stuðla að því að viðskiptahættir breytist með þeim hætti að farið sé að ákvæðunum. Það er reynsla stofnunarinnar af nýjum efnisreglum að þau leiði til þess að taka þurfi til meðferðar nokkurn fjölda mála eftir kynningu á reglunum og þar til almenn þekking verður á þeim og aðilar á markaði þar með búnir að breyta háttsemi sinni til samræmis við þær. Því telur Neytendastofa þörf á að stofnuninni verði veitt viðbótarfjármagn í a.m.k. eitt ár, 7.500.000 kr., til þess að hægt verði að sinna eftirliti og kynningu með sem bestum hætti.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Þórunn Anna Árnadóttir


Matthildur Sveinsdóttir